



Fundargerð

22. fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnésinga bs. kjörtímabilið 2022 – 2026 haldinn á Teams, 10. september 2024 og hófst kl. 8:15

Mætt voru: Helgi Kjartansson formaður, Gestur Kristjánsson, Sandra Sigurðardóttir, Arna Ír Gunnarsdóttir, Kjartan Björnsson og Ingibjörg Garðarsdóttir. Gestur fundarins var Steinunn Erla Kolbeinsdóttir frá Lögmönnum Suðurlands

1. Fundarsetning

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hann spurði hvort einhverjar athugasemdir væru við fundarboð, engar athugasemdir komu fram.

2. Drög að samþykktum Tónlistarskóla Árnésinga

Steinunn Erla lögmaður fór yfir breytingar á samþykktum Tónlistarskóla Árnésinga. Framkvæmdastjórn samþykkir að vísa þeim áfram til umræðu á haustfundi Héraðsnefndarinnar.

3. Fjárhagsáætlanir stofnanna fyrir árið 2025

Framkvæmdastjórn Héraðsnefndarinnar leggur til við forstöðumenn að setja ekki flata prósentu hækkun á alla liði í rekstri við gerð fjárhagsáætlunarvinnu fyrir árið 2025. Óskað er eftir því að forstöðumenn skoði alla liði í rekstri með tilliti til þess hvort hægt er að lækka þá eða láta þá standa í stað. Ef þörf er á að hækka liði sérstaklega milli ára þá þarf rökstuðningur að fylgja þeirri hækkun.

Fundi slitið kl. 9:20

Sandra Sigurðardóttir, ritaði fundargerð.